

Fundarnúmer:	82
Dagsetning:	25.11.2008
Tími:	16.30
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

82. fundur Menningar- og tómstundaráðs. Haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra 25. Nóvember kl. 16:30

Mætt eru: Már Hermannsson, Hrafnhildur Víglundsdóttir, Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir, Sveinn Benónýsson og Pétur Arnarsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Kynning á húsnæðismálum Félagsmiðstöðvarinnar Óríon
2. Önnur mál

1. Sveinn Benónýsson lagði fram teikningar af kjallara félagsheimilisins og hugmyndir um nýtingu hans vegna fyrirhugaðs flutnings Félagsmiðstöðvarinnar Óríon. Málin rædd og að lokum var farið á fund með stjórn félagsheimilisins í félagsheimilinu kl. 17.15. Nefndin leggur til að fundarsalur, geymsla og leikmannasalur í norður hluta félagsheimilisins verði tekið undir félagsmiðstöð og hönnuð í samráði við íþróttá og tómstundafulltrúa. Stefnt verði á flutning haust 2009. Nefndin sér ekki ástæðu til að fyrrum kaffistofa sveitarskrifstofunnar verði breytt og rifin. Taka verði tillit til þessara framkvæmda á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á árinu 2009.

2. Ákveðið að fastir fundir nefndarinnar verði framvegis 1. miðvikudag í mánuði

Fundi slitið kl. 18:15

Pétur Arnarsson(sign.),
Sveinn Benónýsson(sign.),
Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir(sign.),
Hafdís Þorsteinsdóttir(sign.),
Már Hermannsson(sign.).